

Fundargerð foreldrafélags Urriðaholtsskóla

Fundur haldinn þriðjudaginn 12. mars kl. 19:30.

Mættir: Vigdís Lea Birgisdóttir, Ellen María Sveinbjörnsdóttir, Þorgerður Anna Arnardóttir og Íris Ósk Ólafsdóttir.

-Rætt um vorhátíðina sem verður haldin fimmtudaginn 6. júní í Urriðaholtsskóla. Rætt um tímasetningu, líklega verður vorhátíðin haldin frá kl. 14-16. Hugmynd að fá Krakkahesta á hátíðina. Þá gefst börnunum kostur á að klappa hestum, fara á bak og hlusta á fræðslu um íslenska hestinn.

-Greiðsluseðlar foreldrafélagsins verða sendir út fljótlega. Ellen María ætlar að senda póst á Þorgerði Önnu og fá uppfærðan lista yfir börnin í skólanum, sem hefur fjölgað. Börnin í Urriðaholtsskóla er nú 98 talsins, 73 leikskólabörn og 25 grunnskólabörn.

-Rætt um að ef afgangur verður af fjármagni foreldrafélagsins eftir atburðina sem eru fyrirhugaðir, þá verði fjármagnið nýtt til að gefa skólanum gjöf sem nýtist öllum börnunum. Hugmynd kom fram um að foreldrafélagið gefi skólanum rimla sem nýttast í hreyfistundir fyrir öll börn skólans.

-Sveitaferð verður laugardaginn 11. Maí, frá kl. 10-12. Haldið verður á Hraðastaði. Foreldrafélagið greiðir fyrir börnin í Urriðaholtsskóla en fyrir foreldra og auka börn er kostnaðurinn 600 kr. á mann. Boðið er upp á kaffi fyrir foreldra og mjólk fyrir börnin. Aðgangur er að grilli. Foreldrafélagið mun ekki sjá um veitingar en foreldrar verða hvattir til að taka með sér nesti. Vigdís Lea er búin að senda fyrirspurn á Hraðastaði með ósk um upplýsingar um Hraðarstaði og leiðarlýsingu.

-Þriðjudaginn 26. Mars kl. 10 koma Brúðheimar með leiksýninguna Einar Áskell.

-Rætt um veitingar á vorhátíðinni. Vigdís Lea ætlar að senda fyrirspurn á fyrirtæki og athuga hvort við getum fengið gefins djús fyrir börnin. Rætt um að bjóða einnig upp á popp.

-Íris Ósk ætlar að setja saman fréttarbréf sem verður sent til allra foreldra fljótlega með upplýsingum um leiksýningu, sveitarferð og vorhátíð. Einnig verður tekið fram að greiðsluseðlar verið sendir út fljótlega.